

AUGLÝSING

um stöðvun veiða á makríl sem meðafla í færeyskri lögsögu.

1. gr.

Frá og með 15. júní 2011 er óheimilt að veiða makríl sem meðafla við veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri lögsögu.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í reglugerð nr. 1081/2010 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2011, með síðari breytingum og reglugerð nr. 233/2011, um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2011, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2011.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Þórhallur Ottesen.